



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 2. nóvember kl. 09:15 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 7. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

**Þetta gerðist:**

**1. Grettisgata – stæði fyrir hreyfihamlaða**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að 2 bifreiðastæði við Grettisgötu 87 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt.

**2. Sogavegur – biðstöð hóp bifreiða**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að strætóstöð á Sogavegi við Akurgerði verði merkt sem biðstöð hóp bifreiða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt.



Reykjavíkurborg

**Fundi slitið kl. 09.29**

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri

**Sendandi:** Deild samgangna/borgarhönnunar

### ***Tillaga um biðstöð hópþingreiða***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að strætóstöð á Sogavegi við Akurgerði verði merkt sem biðstöð hópþingreiða

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Lagt er til að strætóstöð á Sogavegi við Akurgerði verði merkt sem biðstöð hópþingreiða. Borið hefur á því að bílum og öðrum skráningarskyldum ökutækjum sé lagt við brún götu við strætóstöð á Sogavegi, sem gerir það að verkum að Strætó getur ekki nýtt stöðina sem skyldi. Engar merkingar eru til staðar sem banna lagningu annarra ökutækja en Strætó og því er talið nauðsynlegt að merkja stöðina sem biðstöð hópþingreiða.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Yfirlitsmynd með biðstöðinni merktri



Reykjavíkurborg





## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri

**Sendandi:** Deild samgangna

---

### ***Grettisgata –stæði fyrir hreyfihamlaða***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að 2 bifreiðastæði við Grettisgötu 87 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Stæðin hafa áður verið merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða en ekki viðhaldið síðustu ár og ekki legið fyrir formlegt samþykki fyrir þeim. Einungis eitt bifreiðastæði er merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða í næsta nágrenni. Þrátt fyrir það er töluvert af bæði íbúum, verslunum, þjónustu og hótél í grennd við svæðið.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Deildarstjóri samgangna



Reykjavíkurborg

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með áætlaðri staðsetningu stæðanna

